

STJÓRN SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2014, mánudaginn 23. september, var haldinn 339. fundur Stjórnar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Höfðatorgi, Arnarholti og hófst kl. 09:10. Mættir: Eva Einarsdóttir Reykjavík, Björg Fengler Garðabæ og Guðmundur Magnússon Seltjarnarnesi. Jafnframt: Andrés B. Andreasen fjármálastjóri ÍTR, Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna, Einar Bjarnason rekstrarstjóri og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram drög að fjárhagsáætlun 2015 ásamt rekstraráætlun. Lögð fram eftirfarandi tillaga:

Stjórn skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins samþykkir fyrir sitt leyti drög að fjárhagsáætlun skíðasvæðanna vegna ársins 2015.

Stjórn skíðasvæðanna kallar eftir frekari umræðu á vettvangi SSH um framtíðarsýn og að skoðað verði hvort hægt sé að samþykkja framkvæmdaáætlun minnst tvö ár í senn. Slíkt fyrirkomulag skiptir miklu máli í þeim rekstri sem Skíðasvæðin búa við. Eins leggur stjórnin til að sveitarfélögin geri ráð fyrir framkvæmdum í sínum langtímaáætlunum en sum sveitarfélög gera það nú þegar.

Stjórnin vísar rekstraráætluninni til stjórnar SSH og sveitarfélaganna.

Samþykkt samhljóða

Fulltrúar Mosfellsbæjar og Hafnarfjarðar sendu skrifleg vilyrði þess efnis að þeirra sveitarfélög samþykktu rekstraráætlunina fyrir sitt leyti.

Fundi slitið kl. 09:40

Eva Einarsdóttir

Björg Fengler

Guðmundur Magnússon